

GJALDSKRÁ

Myndstefs vegna endurbirtingar myndverka.

Menntamálaráðuneytið hefur staðfest eftirfarandi taxta Myndstefs vegna opinberrar endurbirtingar myndverka sbr. 2. mgr. 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eins og henni var breytt með 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1992.

I. TAXTAR

Bækur.

Myndabækur.

| Upplag | forsíða kr. | innsíður kr. |
|----------------|----------------|-----------------|
| allt að 2.500 | 25.000 | 12.000 |
| 2.500-5.000 | 27.000 | 15.000 |
| 5.000-10.000 | 30.000 | 18.000 |
| 10.000 og yfir | 35.000 | 20.000 |

Bækur aðrar en myndabækur.

| Upplag | forsíða kr. | innsíður kr. |
|----------------|----------------|-----------------|
| allt að 2.500 | 20.000 | 10.000 |
| 2.500-5.000 | 22.000 | 12.000 |
| 5.000-10.000 | 27.000 | 15.000 |
| 10.000 og yfir | 30.000 | 18.000 |

Birta skal myndverk allt en ekki hluta þess nema með sérstöku leyfi höfundar. Ætíð skal getið nafns höfundar við birtingu. Við birtingu litmynda skal leitast við að halda litum frumverks.

Félagsblöð, ársskýrslur og fréttabréf.

| | forsíða kr. | innsíða kr. |
|---------------------|----------------|----------------|
| félagsblöð | 8.000 | 5.000 |
| ársskýrslur | 25.000 | 15.000 |
| Upplag | forsíða kr. | innsíða kr. |
| fréttabréf að 5.000 | 20.000 | 12.000 |
| yfir 18.000 | 25.000 | 18.000 |

Með félagsblöðum er átt við blöð sem ekki eru til sölu á almennum markaði. Fréttabréf/ fyrirtækjablöð eru blöð sem dreift er til almennings í upplýsinga- eða auglýsingaskyni án endurgjalds.

Bæklingar, dreifimiðar og auglýsingar.

Auglýsingabæklingar/dreifimiðar.

| Upplag | forsíða kr. | innsíður kr. |
|----------------|----------------|-----------------|
| allt að 10.000 | 25.000 | 15.000 |
| yfir 10.000 | 32.000 | 18.000 |

Auglýsingar.

| | | | |
|--------------------|--------|--------|--------|
| síða | 1/1 | 1/2 | 1/4 |
| | kr. | kr. | kr. |
| blöð/tímarit o.fl. | 32.000 | 25.000 | 20.000 |

Ef fleiri en ein mynd birtast í auglýsingu skal greiða fullt gjald fyrir fyrstu mynd og 50% gjalds fyrir aðrar myndir. Höfundar ef fleiri eru en einn skipta síðan jafnt á milli sín heildargjaldi.

Veggspjöld, vöruumbúðir, smágripir, umslög myndbanda, hljómpatna/geisladiska og snælda.

Veggspjöld.

Veggspjöld kr. 50.000

Af veggspjöldum, sem eru söluvara skal auk þess greiða 5% af útsöluverði þeirra án virðisaukaskatts.

Ofangreindur taxti gildir ekki þegar veggspjöld (plaköt) eru gefin út vegna listsýninga á söfnum eða vegna einkasýninga enda er þá í flestum tilvikum um að ræða kynningu á list viðkomandi myndhöfundar. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir að aðilar semji sérstaklega sín á milli.

Vöruumbúðir, smágripir, umslög myndbanda/hljómpatna/geisladiska/snælda.

Vöruumbúðir/smágripir kr. 30.000

umslög myndbanda/
hljómpatna/geisladiska/
snælda kr. 25.000

Dagatöl, símskeyti, frímerki, póstkort og skyggnuútgáfa.*Dagatöl og símskeyti.*

| | |
|----------------|--------|
| Upplag | kr. |
| að 5.000 | 15.000 |
| 5.000-10.000 | 25.000 |
| 10.000 og yfir | 35.000 |

Frímerki.

| | |
|------------------|-------------|
| eitt verðgildi | kr. 150.000 |
| sama mynd | |
| fleiri verðgildi | kr. 75.000 |
| pr. verðgildi | |

Póstkort og skyggnuútgáfa.

Upplag að 5.000 kr. 15.000, yfir 5.000 kr. 25.000.

Merki.*Minnispeningar.*

Upplag allt að 1.000 stk., einn peningur kr. 30.000. Fyrir sett með 2 eða fleiri peningum greiðast kr. 15.000 fyrir hvern umframþening. Upplag yfir 1.000 stk. og allt að 5.000 stk. einn peningur kr. 45.000. Fyrir sett með 2 eða fleiri peningum greiðast kr. 20.000 fyrir hvern umframþening.

Sé upplag stærra en hér segir skal semja sérstaklega.

Barmmerki/lyklakippur/pennar og aðrir smágripir.

| | kr. |
|--------------------|--------|
| allt að 5.000 stk. | 15.000 |
| allt að 7.000 stk. | 20.000 |
| stærri upplag | 30.000 |

Plattar/öskubakkar/drykkjarkönnur.

| | kr. |
|---------------------|--------|
| allt að 10.000 stk. | 15.000 |
| stærri upplag | 20.000 |

Límmiðar.

| | kr. |
|--------------------|--------|
| allt að 5.000 stk. | 12.000 |
| stærri upplag | 15.000 |

T-bolir.

| | kr. |
|--------------------|--------|
| allt að 3.000 stk. | 15.000 |

Varðandi aðra notkun er vísað í aðra taxta í gjaldskránni.

Leiga vegna sýninga.

Sbr. þó 1. mgr. 25. gr. höfundalaga.

Málverk og aðrar frummyndir.

1% af tryggingaverðmæti myndverks fyrir hvern hafinn mánuð sem verkið er úr vörslu höfundar. Sé um að ræða lán sem stendur lengur en 1 ár skal greiða 1,5%.

Verk sem gerð hafa verið í fleiri eintökum en einu.

(Grafík, þrykk, ljósmyndir).

Fyrir hvern dag greiðist kr. 100 pr. myndverk, þó minnst fyrir 7 daga.

Þóknun fyrir lán á verkum til sýningar skal verða 1% af tryggingarverðmæti hvers verks fyrir hvern hafinn mánuð sem sýningaraðili hefur verkið í sinni vörslu. Ef um farandsýningu er að ræða sem stendur lengur en eitt ár skal greiða 1,5% af tryggingarverðmæti myndverks fyrir hvern hafinn mánuð sem verkið er úr vörslu eiganda. Þóknun skv. þessari grein skal að hámarki til miðast við hundraðshluta af kr. 1.000.000 enda þótt tryggingarmat kunni að vera hærra.

Ef um er að ræða ljósmyndir, grafíkverk eða myndverk sem gerð eru í nokkrum eintökum geta aðilar samið sérstaklega um fasta þóknun í krónutölu miðað við hvern hafinn mánuð sem verk er úr vörslu höfundar eða fyrir hvern dag.

II. ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR ENDURBIRTINGU MYNDVERKA.

1. Heimild til endurbirtingar myndefnis er háð því að fyrir liggi samþykki höfundar eða Myndstefs.
2. Við birtingu myndverks skal þess gætt að birta allt verkið en óheimilt er að birta hluta myndverks nema með sérstakri heimild höfundar. Við birtingu litmynda skal leitast við að litgreining sé sem næst litum frummyndarinnar. Myndstef getur fyrir hönd höfundar gert kröfu um að fá sýnishorn áður en viðkomandi myndverk er birt/prentað.

3. Við birtingu myndverka skal að jafnaði merkja þau þannig: „nafn verks“, ártal ef vitað, © „nafn höfundar/MYNDSTEF“.
4. Um leið og heimild er veitt til að birta/nota myndverk eða það er birt/notað er greiðsla skv. gjaldskrá þessari fallin í gjalddaga.
5. Taxtar skv. þessari gjaldskrá eiga ekki við þegar myndhöfundur er fenginn til þess að vinna myndverk (eftir pöntun).
6. Notkun myndverks og greiðsla fyrir hana skv. þessari gjaldskrá veitir aðeins rétt til þess að nota myndverkið einu sinni. Greiða skal sérstaklega fyrir endurtekin not.
7. Ef fjárhagslegir hagsmunir tengdir notkun á höfundarétti eru mjög miklir gilda ekki taxtar skv. þessari gjaldskrá og ber þá að semja um notkunina hverju sinni.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. ágúst 1995 en hún breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu vöru- og þjónustu. Víkja má frá gjaldskránni bæði til hækkunar og lækkunar. Taxtar skv. gjaldskránni eru án virðisaukaskatts en í þeim er innifalin innheimtuþóknun Myndstefs.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda.

1. gr.

Aðgangsnúmer til útlanda í almenna símakerfinu skal vera 00.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. l. nr. 32/1993 og með hliðsjón af ákvörðun ESB ráðsins frá 11. maí 1992 um að taka í notkun í bandalaginu staðlað aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda (92/264/EBE).

Samgönguráðuneytið, 26. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.